

Alþingi
Erindi nr. P 139/895
komudagur 10.12.2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2010
2010120003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana). á 139. löggjafarþingi, þskj. 227 – 208. mál

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. desember 2010.

Bændasamtökin gera athugasemd við c. lið 11. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að 4. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt verði felld brott. Þannig er lagt til að endurgreiðsla virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns verði lögð niður. Endurgreiðslur samkvæmt þessu ákvæði námu kr. 216.838.724. árið 2009. Af þeirri fjárhæð má ætla að stór hluti sé til kominn vegna hitunar íbúðarhúsa og annarra mannvirkja í eigu bænda. Brottfall ákvæðisins hlýtur því að hafa í för með sér aukinn kostnað við húshitun á landsbyggðinni nema í staðinn komi annað endurgreiðslukerfi. Íbúar í dreifbýli hafa töluvert meiri kostnað af hita og rafmagni en íbúar á t.d. höfuðborgarsvæðinu. Í rannsókn á útgjöldum heimilanna 2007-2009, sem er birt í Hagtíðindum 2010:3, kemur skýrt í ljós sá munur sem er á útgjöldum íbúa í dreifbýli til hita og rafmagns samanborið við íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þannig ver meðalfjölskylda á höfuðborgarsvæðinu kr. 144.167. í þennan lið á ári en meðalfjölskylda í dreifbýli kr. 227.167.

Samkvæmt því sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að ákvæðið verði felld brott vegna þess að forsendur fyrir endurgreiðslukerfinu séu brostnar og að hitun húsa og laugarvatns á landsbyggðinni verði styrkt samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Bændasamtökin vekja athygli nefndarinnar á því að í athugasemdunum er ekki minnst frekar á það á hvaða grundvelli annað endurgreiðslukerfi en það sem er í gildi nú, skuli reist eða hvernig staðið skuli að þessari ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Bændasamtökin telja þá að það sé nauðsynlegt að upplýst verði um að hvaða aðgerðum er stefnt til endurgreiðslu virðisaukaskatts áður en ákvæðið er felld brott með lögum.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að skylt verði að skila virðisaukaskattskýrslum á rafrænu formi. Bændasamtökin leggja ekki gegn þessari tillögu sem slíkri en leggja áherslu á að bændur eigi þess kost að fá að skila virðisaukaskattskýrslum á pappír, m.a. vegna tölvulæsi og einnig vegna þess að víða í sveitum landsins er ekki nægilega fullkomið netsamband svo bændur geti með góðu móti skilað skýrslunum rafrænt. Lögð er áhersla á að bændum verði kynntar undanþáguheimildir í þessu sambandi með hæfilegum fyrirvara.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson, lögfr.